

# Fundargerð 336. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2011, fimmtudaginn 10. mars kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson og Steinþór Pétursson.

Að auki sátu fundinn varamennirnir Björn Arnaldsson og Guðmundur Kristjánsson, fulltrúar hafnasambandsins í nefndum Jón Norðfjörð og Sveinn Valgeirsson og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Formaður, Gísli Gíslason, gerði grein fyrir vinnu við endurskoðun hafnalaga, en hann og varaformaður HÍ, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, eiga sæti í nefnd sem vinnur að endurskoðun laganna.

Á fundinum var sérstaklega rætt um 17. grein laganna um gjaldskrár hafna. Formaður mun leggja fram hugmyndir að endurskoðun 17. gr. á næsta fundi. Á næsta fundi verður jafnframt rætt um 16. gr. og 24. gr. hafnalaganna.

### 2. Fjármál og rekstur hafna - 0605013HA

Formaður nefndar HÍ um fjárhagsstöðu hafna, Ólafur Örn Ólafsson, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og lagður var fram útdráttur úr skýrslu nefndar um hvernig bregðast megi við fjárhagsvanda hafna frá 18. desember 2009. Fundarmenn veltu upp ýmsum hugmyndum um hvernig eigi að bregðast við fjárhagsvanda hafna, en á þessu stigi var ekki ályktað um málið.

Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 28. mars kl. 8:30 og fundur með varamönnum og nefndarmönnum kl. 9:30-11:30 til þess að ræða áfram endurskoðun hafnalaga og fjárhagsstöðu hafna.

Fundi var slitið kl. 14:50.

---

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

ritari